



Minnisblað

Efni: Stoppistöðvar vegna lengingar leiðar 1 í Skarðshlíð

Frá: Skipulag/Leiðakerfi, Strætó bs.

Til: Hafnarfjarðarbæjar


Dagsetning: 22.09.2021

Kort af leiðinni: <https://eu.remix.com/map/fe9ee3d9?latlng=64.04893,-21.96439,13.887>

Hafnarfjarðarbær hefur óskað eftir minnisblaði varðandi stoppstöðvar og önnur atriði sem þarf að hafa í huga ef leið 1 verður lengd að Rósatorgi við Skarðshlíð.

Nýjar stöðvar

Lagt er til að nýjar stöðvar verði gerðar beggja vegna vegar, austan við Hnappatorg. Sjá mögulega staðsetningu á Mynd 1 merкта með bláum lit. Staðsetningu er hægt að hnika til eftir því hvað Hafnarfjarðarbær telur henta best þegar litið er á heildarmyndina (svo sem göngustígatengingar, þverun Ásvallarbrautar og umferðaöryggis).



Mynd 1 Tillaga að lengingu í Skarðshlíð. Í stað þess að leið 1 endi við Klukkuvelli er leiðin sýnd aka niður Hnappavelli áfram Ásvallabraut að Rósatorgi við Skarðshlíð. Græn punktálína sýnir mögulega styttingu á leið 1. Rauður hringur merkir stöð sem lagt er til að verði lögð niður. Blár hringur merkir mögulega staðsetningu á nýjum stöðvum.

Á mynd 1 má sjá mögulega staðsetningu stoppistöðvar við Rósatorg merkt Skarðshlíð. Gott væri ef stoppistöðin gæti verið við Rósatorg eða mjög nálægt til að vera sem næst íbúum í Skarðshlíð og nýju hverfi sem gert er ráð fyrir sunnan við Skarðshlíð. Mynd 2 sýnir umrætt svæði við Rósatorg, svæði merkt bláum lit. Hafa þarf í huga að við þessa stoppistöð byrja farþegar ferð sína og enda, því þarf vagninn að geta tímajafnað við stoppistöðina og bæði byrjað og endað ferð.

Einnig væri mögulegt að bæta við stoppistöð þar sem farþegar geta einungis farið úr vagninum við vasa sem er vestan við Rósatorg, sunnan vegar (sjá mynd 1, fjólublár hringur). Ekki er æskilegt að taka inn farþega við þá stöð þar sem farþeginn kæmist aðeins að Rósatorgi. Vagninn þarf að tímajafna við Rósatorg áður en næsta ferð í átt að Firði hefst og vagnstjórinn þarf að geta tekið pásu og farið úr vagninum.



Mynd 2 Rósatorg sunnan við Skarðshlíð við Ásvallabraut. Blár litur merkir mögulegt svæði fyrir stoppistöð við Rósatorg. Gulur hringur sýnir svæði sem stoppistöð gæti verið á ef ekki er mögulegt að koma fyrir stoppistöð við hringtorgið. Fjólublár litur sýnir mögulega stoppistöð þar sem hægt er að hleypa farþegum út.

Reynist ekki mögulegt að vera með stöð við hringtorgið þá væri næstbesti kosturinn að vera með endastöð með rými fyrir tímajöfnun norðan megin við Ásvallabraut, rétt vestan við Rósatorg (sjá mynd 2, gulur hringur).

Koma þarf upp endastöð við Rósatorg þar sem leiðin endar þar og vagnar þurfa að geta tímajafnað við stöðina. Mikilvægt er að hafa í huga að við endastöð þarf að vera nægt rými fyrir skúr með aðstöðu fyrir vagnstjóra, svipað og finna má við Klukkuvelli. Þar þarf að vera hægt að tengjast fráveitu, vatnsveitu og rafmagni. Nauðsynlegt er að endastöð með aðstöðu sé tilbúin áður en breyting tekur gildi.

Mikilvægt er að Hafnarfjarðarbær hugi vel að göngutengingum og að mögulegt sé að þvera Ásvallabraut fyrir gangandi vegfarendur í grennd við stöðvarnar með öruggum hætti.

Stytting á leið 1 innan Hafnarfjarðar

Á mynd 1 má sjá græna punktalínu sem sýnir mögulega akstursleið fyrir leið 1 í gegnum Vellina. Þarna er gert ráð fyrir strætóvegi (einungis Strætó getur ekið þar um) sem tengir Kirkjuvelli og Berjavelli saman þannig að leiðin ekur beinni leið í gegnum hverfið og sparar tæpa mínútu í akstri í hvora átt. Það virkar ekki sem mikill tími þegar hugsað er um eina ferð, en munar töluvert þegar leiðin ekur á 10 mín fresti á annatíma og 15 mín fresti yfir daginn. Við þessa styttingu myndu stoppistöðvarnar Kirkjuvellir og Akurvellir leggjast niður. Strætó óskar eftir því að Hafnarfjarðarbær skoði hvort þessi stytting sé möguleg og athugi með næstu skref.

Stoppistöðvar sem leggjast niður

Í dag er afar stutt á milli Hvannavalla og Glitvalla (um 200m). Þegar horft er á fjarlægð milli stoppistöðva væri æskilegt að leggja niður stoppistöðina Hvannavelli. Hins vegar þegar litið er til farþegatalna má sjá að mun fleiri nýta stoppistöðina Hvannavelli (innstig/útstig virkir dagar jan-ágúst 2021:80/87). Því leggur Strætó til að leggja niður stoppistöðina Glitvelli (innstig/útstig virkir dagar jan-ágúst 2021: (20/21) sem hefur færri innstig, til að auka greiðleika leiðarinnar. Sjá rauðan punkt á mynd 1.

Einnig má nefna að afar stutt er á milli stöðvanna Akurvalla (innstig/útstig ágúst 2021:18/23) og Kirkjuvalla (innstig/útstig virkir dagar jan-ágúst 2021: 36/31). Æskilegt væri að leggja niður aðra hvora stöðina til að auka greiðleika leiðarinnar. Þegar litið er til farþegatalna leggur Strætó til að leggja niður Akurvelli (sjá rauðan hring á mynd 1). Ef stytting á leið 1 í gegnum Vellina verður að veruleika munu báðar stöðvarnar leggjast niður.